

Fundargerð 7. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Priðjudaginn 5. september kl. 17:00 var haldinn 7. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Hansína Guðmundsdóttir sat fundinn.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Fundað var með fulltrúum Smáhundadeildar HRFÍ þann 29. ágúst síðast liðinn, þar sem afstaða stjórnar vegna fyrirhugaðrar all-breed hvolpasýningar var skýrð.

2. Frá framkvæmdastjóra

Dagleg verkefni ganga vel hjá skrifstofu, biðtími eftir ættbókum er að stytast, umsóknir titla og eigendaskipta í gegnum Hundavef hafa gengið vel og afgreiðslutími styst. Fá stærri mál hafa komið til skrifstofu. Rætt um þörf á að hafa enn lokað á föstudögum, í bili telur Hansína það vera, þessi dagur gefur starfsfólki vinnufrið, en mögulega er hægt að opna á föstudögum í framtíðinni. Útleiga á salnum að Melabraut virðist fara vel af stað. Leggja þarf vinnu í að gera salinn aðlaðandi (laga hljóðvist og finna lausn á gólfinu, t.d. tepparenningar, skrifstofa kannar mögulegar lausnir, langtímalausn er í skoðun) og auglýsa hann enn betur. Birta þarf reglur salarins á heimasíðu félagsins. Vinna er komin af stað með að velja nýja hurð og útfæra lása lausn á Melabrautina. Unnið er að því að koma uppgjörum á deildarviðburðum (t.d. deildarsýningar og veiðipróf) í betra verklag, hingað til hefur þetta tekið of langan tíma að skila sér til deildanna. Rætt um möguleika um að halda innisýningar í íþróttahúsum. Hansína hefur verið að skoða möguleikana og stjórn er sammála um að mikilvægt er að skoða þennan möguleika vel, reyna að leita lausna með þeim (heilbrigðiseftirlitinu) sem stoppa þetta.

3. Fundur með Dýralæknum sem fóru á BOAS ráðstefnu í Noregi í sumar

Þrjú dýralæknar, þær Lísía Bjarnadóttir, Ásdís Linda Sverrisdóttir og Aðalbjörg Jónsdóttir, fóru til Noregs á ráðstefnu og tveggja daga námskeið um BOAS hjá Jane Ladlow. Fyrri dagur námskeiðsins var anatomía tengd öndun og seinni dagur verkleg þjálfun í að framkvæma matið. BOAS prófið er framkvæmt þannig að hundurinn er skoðaður, hann þolprófaður og svo skoðaður aftur. Rætt

var um mikilvægi þess að gera allt í samvinnu við ræktendur, gott að byrja á að kortleggja stofnana hér og meta hundana og stiga án þess að gerðar verði kröfur um að ákveðin stig útiloki hund frá ræktun. Einnig var rætt um mikilvægi þess að fræða nýja eigendur. Fræðsluefni er aðgengilegt á netinu og mikilvægt að miðla fræðslu inn á miðla félagsins. Dýralæknarnir ræddu við Jane Ladlow (eiganda BOAS matsins) um bestu aðferðina til að starta prógrammi, Jane vill sjálf vera með þegar verið er að starta prógrammi í nýju landi. Samhljómur var um mikilvægi samvinnu á milli félagsins og dýralækna varðandi þróun á heilbrigði ræktunardýra og að fræða ræktendur og eigendur um að rækta undan heilbrigðum dýrum. Settur verður af stað vinnuhópur, samansettur af dýralæknum, fulltrúa stjórnar og fulltrúa frá deildum þeirra tegunda sem varða BOAS prófanir.

Fundi slitið kl. 19:15